



Kirkjugarður í hlíðum Úlfarsfells

Mat á umhverfisáhrifum landmótunar

Opið hús verður haldið í Dalskóla, mánudaginn 26. mars kl. 18.00-19.30, til að kynna mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar landmótunar fyrir kirkjugarð í hlíðum Úlfarsfells. Kynntar verða niðurstöður frummatsskýrslu og fer kynningin fram í nýbyggingu Dalskóla (MÓI).

Fyrirkomulag fundarins verður þannig að stutt erindi verður haldið um framkvæmdina og niðurstöður úr frummatsskýrslu auk þess sem sýnd verða veggspjöld sem lýsa framkvæmdinni og helstu umhverfisáhrifum.

Fulltrúar frá Reykjavíkurborg ásamt sérfræðingum frá VSÓ Ráðgjöf verða á staðnum til að svara fyrirspurnum.